

REGLUR

um Líffræðistofnun Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Líffræðistofnun Háskólans er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir raunvísindadeild, og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum líffræðinnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að afla grundvallarþekkingar með undirstöðurrannsóknum í líffræði,
- b. efla tengsl rannsókna og kennslu og hafa yfirsýn yfir rannsóknir í líffræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði líffræði,
- e. að sinna þjónustuverkefnum eftir því sem kostur er,
- f. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og fræðilegar nýjungar í líffræði,
- g. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi líffræði eftir því sem kostur er og gangast fyrir fræðslunámskeiðum og fyrirlesturum á því fræðasviði,
- h. að stuðla að virkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn Líffræðistofnunar skal skipuð fimm mönnum sem kjörnir eru til tveggja ára í senn. Fjórir þeirra eru kjörnir á ársfundi stofnunarinnar (sjá 6. gr.) og skulu vera úr hópi fastra kennara við líffræðiskor eða sérfræðingar í fullu starfi við stofnunina en sá fimmti er fulltrúi stúdenta í framhaldsnámi og er tilnefndur af félagi líffræðinema. Stjórnin skiptir með sér verkum en formaður og varaformaður skulu vera háskólastarfsmenn.

Heimilt er að ráða stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundum óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti raunvísindadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta raunvísindadeildar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Líffræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Stjórnin efnir til stofnanafunda eftir því sem tilefni gefast til.

7. gr.

Ráðning starfsmanna.

Meðal starfsmanna stofnunarinnar geta verið fastir kennarar í líffræðigreinum við Háskóla Íslands, en auk þess er heimilt, að fastir kennarar annarra deilda í skyldum greinum starfi við stofnunina. Einnig gestakennarar, sérfræðingar, framhaldsnemar og styrkþegar sem sinna tímabundnum verkefnum, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem fjárreiður leyfa.

Um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands og ákvæðum reglna raunvísindadeildar þar að lútandi. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglum Háskóla Íslands fer stjórn stofnunarinnar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Líffræðistofnunar Háskólans eru eftirfarandi:

- a. framlag frá raunvísindadeild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar deildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 191/1974 um Líffræðistofnun Háskólans, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. desember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.